

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Íslakk hf., Smiðjuvegi 11E, Kópavogi.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Íslakk hf., kt. 601192-2769, Smiðjuvegi 11E, Kópavogi. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. desember 2002.

Reykjavík, 15. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Íslenska járnblendifélagið hf., Grundartanga.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Íslenska járnblendifélagið hf., kt. 640675-0209, Grundartanga. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi 1. júní 1999 og gildir til 30. maí 2009.

Reykjavík, 16. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

SAMÞYKKT

og gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík.

I. KAFLI

Almenn ákvæði um sorphirðu.

1. gr.

Reykjavíkurborg annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu, endurnýtingu eða urðun) frá öllu íbúðarhúsnæði í Reykjavík og frá atvinnuhúsnæði þar sem eigendur þess óska og því verður við komið.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari.

2. gr.

Hreinsunardeild gatnamálastjóra undir yfirstjórn borgarverkfræðings annast sorphirðu fyrir Reykjavíkurborg og sér um samskipti við Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins bs. (Sorpu), sem annast rekstur endurvinnslustöðva, flokkun, endurnýtingu, böggun og urðun.